

# TINK@School

## FRÉTTABRÉF NR.1

<https://tinkeringschool.eu>

### UM VERKEFNIÐ

Tinkering fyrir sjálfbærni í grunnskólum er tveggja ára langt ERASMUS+ KA2 verkefni sem hófst í lok árs 2022. Í þessu verkefni er leitast við að nota „tinkering“ sem aðferð í menntun til sjálfbærni. Í verkefninu verða þróuð kennsluverkefni í tengslum við sjálfbærni og loftslagsmál fyrir grunnskólanemendur á aldrinum 9 til 12 ára, ásamt handbók um aðferðafræðina fyrir kennara.

### SAMSTARFSaðILAR

- Háskóli Íslands (Ísland)
- MIO-ECSDE / MEDIES (Grikkland)
- Centre for Research and European Studies-Future Business (Ítalía)
- Bartolomeo associazione culturale (Ítalía)
- NEMO Science Museum (Holland)

## UPPHAFSFUNDUR Í HOLLANDI 25.-27. JANÚAR 2023

Upphafsfundurinn ásamt þjálfun í tinkering aðferðinni var haldinn og skipulagður af NEMO vísindasafninu í Amsterdam dagana 25.-27. janúar 2023. Fundurinn gaf samstarfsaðilum færi á að ræða verkefnið og skipuleggja vinnuna næstu mánuði. Jafningjaþjálfun í tinkering skapaði tækifæri til að upplifa á eigin skinni tilfinningar eins og gleði, spennu og gremju sem tinkering verkefni geta falið í sér. Þar að auki unnu samstarfsaðilarnir með heimsmarkmiðin og ræddu hvernig hægt væri að tengja sjálfbærni við þau tinkering verkefni sem stefnt er að því að þróa á meðan á verkefninu stendur. Nánari upplýsingar um fundinn má finna á heimasíðu verkefnisins: <https://tinkeringschool.eu/news>



# TINK@School



Developing Tinkering activities with a focus on sustainability

HANDBÓK FYRIR ÞRÓUN TINKERING VERKEFNA MEÐ ÁHERSLU Á SJÁLFBÆRNI




Handbókin “þróun Tinkering verkefna með áherslu á sjálfbærni” var unnin af samstarfsaðilum með það að markmiði leiðbeina og styðja við kennara eða leiðbeinendur til að auðvelda þeim að nýta sér tinkering aðferðafræði bæði í óformlegri og formlegri kennslu og vinna með sjálfbærni á skapandi máta. Handbókin er aðgengileg á fjórum tungumálum, ensku, grísku, íslensku og ítölsku og hægt að hlaða henni niður hér: <https://tinkeringschool.eu/outputs>

## 2. FUNDUR Í MÍLANÓ 6.-7. JÚNÍ 2023

Bartolomeo Association skipulagði annan samstarfsfundinn sem haldinn var í Mílanó dagana 6.-7. júní 2023. Á fundinum deildum við niðurstöðum okkar um stöðu menntunar til sjálfbærni og tinkering aðferðinni í hverju þáttökulandi, Grikklandi, Íslandi, Ítalíu og Hollandi. Auk þess tóku allir samstarfsaðilar þátt í að gera frumgerð nokkurra tinkering verkefna fyrir lokaafurð verkefnisins. Verkefnin voru: Skuggalist - strandhreinsun, þróað af MIO-ECSDE; Sólarknúin fuglhræða, þróað af Bartolomeo og Sjálfbærni-dagatal, þróað af CRES. Fleiri fréttir frá verkefninu hér: <https://tinkeringschool.eu/news>



### HAFÐU SAMBAND:

-  [opj@hi.is](mailto:opj@hi.is) | [info@medies.net](mailto:info@medies.net)
-  <https://tinkeringschool.eu>
-  <https://www.facebook.com/tinkatschool>